

Lotu kennsla í viðskiptafræði fyrirkomulag, viðhorf og áhrif

Jón Arnar Baldurs
Viðskiptafræðideild
Háskóli Íslands

Fyrirkomulag kennslu — lotu kennsla, viðhorf til náms, gæði kennslu.

I. INNGANGUR

Haustið 2018 var kennslufyrirkomulagi í meistaranámi við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands breytt. Breytingin fólst í því að í stað hefðbundinna missera sem standa yfir í þrettán vikur og líkur með prófatímabili er skólaárinu skipti í fjórar sjö vikna lotur með prófa og verkefnaskila viku í lok hverrar lotu. Nemendur í fullu námi taka tvö 7,5 eininga námskeið í einu í stað fimm 6 eininga í einu.

Markmið þessarar breytingar var að jafna vinnuálag nemenda og kennara með því að gera þeim kleift að einbeita sér að færri námskeiðum í einu.

Rannsóknir á þessu sviði hafa fyrst og fremst beinst að því hvort að kennsla í styttri eða saman þjöppuðum námskeiðum skili sambærilegu námi og kennsla í lengri námskeiðum. Niðurstöður þessara rannsókna styðja þá niðurstöðu að lengd námskeiða hafi ekki bein áhrif á nám (Scott og Conrad, 1992 og Daniels, 2000).

II. AÐFERÐ

Rannsóknin, sem stendur ennþá yfir, byggir á blandaðri aðferð. Markmið hennar er að greina viðhorf til og reynslu nemenda og kennara í viðskiptafræðideild til breytinganna með það fyrir augum að meta árangur af verkefninu og velta upp þeirri spurningu hvort færa eigi allt nám í viðskiptafræði í lotur.

Eigindleg viðtöl hafa verið tekin við sex nemendur sem hafa reynslu hvoru tveggja af grunn- og framhaldsnámi í viðskiptafræðideild. Allt í allt verða viðtöl tekin við 7-12 nemendur og sambærilegan

fjölda kennara við viðskiptafræðideild. Niðurstöður viðtala verða notaðar til þess að semja spurningalista sem sendur verður út á nemendur við deildina. Hvoru tveggja viðtöl og spurningar miða að því að fá fram viðhorf til og reynslu af kennslufyrirkomulaginu og gæðum kennslu.

III. NIÐURSTÖÐUR

Mikið samræmi hefur verið í svörum þeirra nemenda sem rætt hefur verið við og telja þeir kennslufyrirkomulag í styttri kennslulotum þar sem færri fög eru kennd í einu henta sér persónulega betur við nám. Nemendur telja að það að þurfa ekki að skipuleggja nám í allt að fimm fögum í einu geri þeim betur kleift að undirbúa sig þegar færri fög er kennd í einu. Ólíkt því sem var í grunnnámi þar sem eitt eða tvö fög urðu yfirleitt útundan og kennsla í fögum nær yfir heilt misseri. Nemendur viðurkenna að hafa ítrekað frestað því að læra ákveðin fög þar til rétt fyrir próf og þar af leiðandi sitji lítið sem ekkert eftir af því sem þau lærðu fyrir fagið. Einn viðmælenda lýsti því meðal annars að hann hafi ákveðið að setja námskeið sem hann hafði áhuga á til hliðar til þess að geta einbeitt sér að námskeiðum sem hann átti erfiðara með að læra, og naut því námsins ekki á sama hátt og í meistaranámi. Óháð lotukennslunni lýsa nemendur jafnframt meiri ánægju með nám á meistarastigi þar sem virkni í tímum er meiri og minni tími fer í það að hlusta á kennara en grunnnámi. Viðtölin benda því til þess að lotukennsla færi námskeiða í einu stuðli að dýpri nálgun til náms, með þeir fyrirvara þó að nemendur bera hér saman grunn og framhaldsnám.

IV. UMRÆÐUR

Vísbendingar eru um að almenn ánægja sé bæði meðal nemenda og kennara með þessa breytingu á kennslufyrirkomulagi og sú umræða hefur komið fram að taka ætti upp sambærilegt fyrirkomulag í grunnnámi í viðskiptafræði. Áður en slík ákvörðun er tekin er þó mikilvægt að tryggja að ýtarleg úttekt hafi verið gerð á reynslunni af breytingunni. Eins gætu niðurstöðurnar nýst við skipulag kennslu almennt innan háskólans.

Þá er einnig mikilvægt að fá fram sjónarmið nemenda varðandi gæði kennslu í viðskiptafræðideildinni með annarri nálgun en í gegnum hefðbundnar kennslukannanir til þess að geta þróað kennslu og kennsluaðferðir innan deildarinnar.

TILVÍSANIR

- Austin, Adrian M. & Gustafson, Leland. (2006). Impact of Course Length on Student Learning. *Journal of Economics and Finance Education*, 5(1), 26-37.
- Christy, D. F. (1991). Motivation of intensive English program participants: A factor analytical exploration. *Dissertation Abstracts International* 54(782).
- Daniel, E. L. (2000). A review of time-shortened courses across disciplines. *College Student Journal* 34(2), 298–308.
- Kucsera, John V. & Zimmaro, Dawn M. (2010) Comparing the Effectiveness of Intensive and Traditional Courses. *College Teaching*, 58(2), 62-68, DOI: 10.1080/87567550903583769
- Rayburn L. Gayle & Rayburn J. Michael (1999) Impact Of Course Length and Homework Assignments on Student Performance, *Journal of Education for Business*, 74(6), 325-331, DOI: 10.1080/08832329909601705
- Scott, P. A. (2003). Attributes of high-quality intensive courses. *New Directions for Adult and Continuing Education* 97, 29–38.
- Scott, Patricia A., and Conrad, Clifton F. 1992. A Critique of Intensive Courses and an Agenda for Research. In *Higher Education: Handbook of Theory and Research*, ritstýrt af John C. Smart. New York: Agathon Press.
- Seamon, Marc. (2004). Short- and Long-Term Differences in Instructional Effectiveness Between Intensive and Semester-Length Courses. *Teachers College Record* 106. 852-874.
- Van Scyoc, Lee J. & Gleason, Joyce (1993) Traditional or Intensive Course Lengths? A Comparison of Outcomes in Economics Learning, *The Journal of Economic Education*, 24(1), 15-22, DOI: 10.1080/00220485.1993.10844775
- Cameron, R. B., & Rideout, C. A. (2022). ‘It’s been a challenge finding new ways to learn’: first-year students’ perceptions of adapting to learning in a university environment. *Studies in Higher Education*, 47(3), 668-682.
- Felten, P. (2013). Principles of good practice in SoTL. *Teaching and learning inquiry*, 1(1), 121-125.
- Felten, P., & Geertsema, J. (2023). Recovering the heart of SoTL: Inquiring into teaching and learning ‘as if the world mattered’. *Innovative Higher Education*, 48(6), 1095-1112.
- Manarin, K., Adams, C., Fendler, R., Marsh, H., Pohl, E., Porath, S., & Thomas, A. (2021). Examining the focus of SoTL literature—teaching and learning?. *Teaching and Learning Inquiry*, 9(1), 349-364.